



Skólaráðsfundur 2.október 2012

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Ásta Einarsdóttir foreldri, Berglind Kristjánsdóttir kennari, Helena Guðjónsdóttir, foreldri, Laufey Einarsdóttir starfsmaður, Baldur Rafn Sigurðsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Thelma Lind Karlsdóttir, nemandi í 10. bekk og Daði Einarsson, nemandi í 10. bekk og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari),

Fyrir Háaleitisskóla: Anna Sigríður Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Jón Haukur Hafsteinsson kennari,

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti fulltrúa skólaráðs og fór yfir hlutverk þeirra. Einnig var farið yfir reglugerð um skólaráð.
2. Skólanámskrá og starfsáætlun skóla afhent til yfirlestrar um umsagnar. Anna Sigríður og Guðný Björg fóru yfir breytingar frá því í fyrra. Ákveðið var að allir lesi yfir bæði ritin en einnig var köflunum skipt niður á fundarmenn. Farið verður yfir athugasemdir á næsta fundi sem er þriðjudaginn 16. október kl. 11:20
3. Ásgerður Þorgeirsdóttir fór yfir útgáfu nýrrar Aðalnámskrár og lykilþætti í námskránni. Þá kynnti hún vinnu við innleiðingu á grunnþáttum í skólastarfi.
4. Önnur mál:
 - a. Ásta Einarsdóttir spurði um innleiðingu á tölvum í kennslu. Ásgerður sagði frá því að skólinn á núna 6 Ipad spjaldtölvur: sérdeildin Ösp fékk tvo gefins frá Sjálfsbjörg, tveir voru keyptir fyrir afmælisgjöf til skólans frá Kvenfélagi Njarðvíkur og tvo fengum við frá Reykjanesbæ. Einnig á Háaleitisskóli einn IpdD sem við fengum frá Reykjanesbæ. Þessa daganna eru kennarar að skoða möguleika slíkra tækja í kennslu. Einnig sagði Ásgerður frá því að hún búið að óska eftir bekkjarsetti fyrir skólana.
 - b. Ásgerður sagði frá frábærum niðurstöðum Logos skimunar í 9. bekk en nemendur Njarðvíkurskóla komu mjög vel út. Einnig sagði hún frá niðurstöðum á fylgni úr Læsi 2 sem er skimun í lok 2. bekkjar og niðurstöðum á samræmdum prófum í 4. bekk.
5. Næsti fundur er eftir tvær vikur, 1. október, og verður þá farið yfir athugasemdir og ábendingar á Skólanámskrá og Starfsáætlun skóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð

